

## Aðalfundur Prentsöguseturs 23. mars 2023

*haldinn að Stórhöfða 31, kl.16.30. Mættir 20 manns.*

*Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.* Stakk upp á Katrínu Jónsdóttur sem fundarstjóra og Þóru Elfu Björnsson sem fundarritara. Var það samþykkt.

1) Skýrsla stjórnar. Haukur Már sagði mikinn tíma hafi farið í bið eftir að framkvæmdum við undirbúning sýningarhúsnæðisins í Skálholti lyki, þannig að hefja mætti þar uppsetningu sögusýningar. Á fyrsta fundi stjórnar var skipt verkum og einnig kosin 9 manna stjórn fyrir Gömlu prentsmiðjuna á Laugaveginum. Mikil orka og tími hafa farið í að skipuleggja, teikna, smíða og ræða aðstöðuna í Skálholti. Koveit var til tafa og leiðinda svo hægt gekk. Í september komu skilaboð um að rýma húsnæðið á Laugaveginum, vegna áætlana um niðurrif og framkvæmdir en vegna veðurs o.fl. dróst fram í nóvember að hefja brottflutning tækja. Haft var samband við yfirvöld nágrannasveitarfélaga um annað húsnæði en slíku samstarfi var hafnað. Félaginu var boðið húsnæði við Laugavegin en það reyndist bæði óhentugt og of dýrt. Ákveðið var þá að þeim munum yrði komið fyrir í gámum, sem ástæða þótti til að geyma, en öðru var fargað. Vill stjórnin þakka þeim sem lögðu hönd að verki við tæmingu kjallarans. Var þeim þakkað með lófaklappi. Haukur sagðist hafa verið önnum kafinn við annað verkefni, hér á landi og erlendis, þegar tæming kjallarans stóð yfir og því hafi hann ekki getað komið að því starfi að neinu gagni. Nú er komið að því að húsnæðið í Skálholti verði tilbúið eða í apríl/maí. Töfin á uppsetningu húsnæðisins hefur aðallega verið vegna skorts á iðnaðarmönnum en t.d. fékkst loks múrari til verksins, úr sveitinni. Á árinu var sett á fót nefnd til útgáfu smárita um verksvið og sögu eldri iðngreina og viðtöl tengd því. Haukur sagðist hafa verið formaður í sjö ár og hafa komið að mörgu en sagðist nú ætla að stíga til hliðar og óskaði þeim sem við tæki gæfu í starfi.

Var honum þakkað með lófataki.

Sjá nánar í skýrslu formanns.

2) *Reikningar félagsins.* Tryggvi Þór gjaldkeri sagði 340 manns skráða í félagið og fór síðan yfir gjalda- og innkomuliði. Eigið fé er kr. 4.472.040 og er félagið skuldlaust.

3) *Lagabreytingar.* Haukur Már fjallaði um lið 9 í 8. grein og bar upp að hann yrði felldur út og var það samþykkt. Sá liður var um kosningu spjaldskrárritara, starfsvið hans fellur nú orðið undir verkefni gjaldkera og er því óþarfur.

Samþykkt. Þá bar hann upp tillögu um að 13. grein laganna yrði tekin út en hún fjallaði um rekstur Gömlu prentsmiðjunnar sem er ekki lengur til og lagagreinin því óþörf. Einnig samþykkt.

- 4) *Ákvörðun félagsgjalds..* Tillaga kom um kr. 4000 hið minnsta eða að leyfilegt er að greiða hærri fjárhæð. Samþykkt.
- 5) *Kosning formanns.* Haukur Már gefur gefur ekki kost á sér en fram kom tillaga um Jón Trausta Harðarson. Hann kynnti sig og var að því loknu klappaður til formennsku.
- 6) *Stjórn og varastjórn.* Tillaga kom fram um Ágúst Guðjónsson, Díönu Hrönn Sigurfinnsdóttur, Hjört Guðnason, Katrínu Jónsdóttur, Tryggva Þór Agnarsson og Ævar Rafn Kjartansson. Stjórn skiptir með sér verkum. Samþykkt samhljóða. Og skoðunarmenn reikninga: Ólafur Stolzenvald og Símon Knight voru einnig samþykktir.
- 7) *Önnur mál:* Heimir Br. Jóhannesson steig í pontu og ræddi um rekstur Gömlu prentsmiðjunnar undanfarin ár, sagðist hafa greitt rafmagnsnotkun safnsins sjálfur en ætlaði ekki að rukka fyrir það. Sagðist ekki sáttur við niðurrif safnsins þegar það var tekið saman. Lét nokkrar myndir af safninu ganga um salinn. T.d. harmaði hann að tékknesk prentvél sem var týpisk fyrir slíkar var látin fara. Fleira, sem var dæmigert fyrir ýmis tímabil, var fleygt. Las lýsingu úr handriti afa síns um aðstæður í fyrstu prentsmiðju sem sett var upp í Rvík og var flutt frá Viðey. Hann sagði að húsgögnum frá gamalli tíð og sem fylgt prentsmiðjum hafa verið fleygt og er eftirsjá að þessum gripum.

Erfítt sé að reka söfn segja safnamenn í dag. Reynslan á Laugaveginum hefði sýnt að ef búnar voru til uppákomur eða fundir eða eitthvað annað var góð aðsókn en koveitið auðvitað eyðilagði samkomuhald um langa tíð. Rifjaði upp eitt og annað úr menningarheimi prentsmiðjanna á fyrri tíð. Prentsmiðjur voru eiginlega skóli þeirra sem þar unnu. Heimir sagði marga áhugasama um sögu prentunar og prentsmiðjanna og hefðu mætt í menningargöngur um svæðið. Margir hafa sýnt þessu áhuga og vonandi gefst tækifæri í samvinnu við nýja stjórn og aðra aðila að hrinda þessum göngum af stað á ný.

Fundarstjóri þakkaði Hauki Má fyrir vel unnin störf og bauð nýjum formanni að segja nokkur orð í lokin. Jón Trausti sagði Hauk hafa hrint mörgum góðum og brýnum málum af stað. Og mælti til Heimis að hans rödd væri vel þegin. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum setuna og sagði svo fundi slitið.